

Fuglaathuganir í Borgarfirði í Arnarfirði og innarlega í Dýrafirði

Unnið fyrir Vegagerðina

Böðvar Þórisson
og
Þorleifur Eiríksson

Mars 2008
NV nr. 2-08

ÚTDRÁTTUR

Náttúrustofa Vestfjarða athugaði fuglalíf vegna fyrirhugaðr jarðganga á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Athuganir voru gerðar á varpfuglum 1. júní 2007 í Dýrafirði og 30. júní 2007 í Borgarfirði. Einnig voru fuglar kannaðir í fjöru í Borgarfirði í maí 2007.

Frá Dýrafjarðarbrú að Kjaransstöðum eru tún, melar og mólendi. Búin hefur verið til tjörn við bæinn og sjávarlón á Kjaransstaðareyri. Frá eyrinni að Bæjará eru lyngmóar og melagróður. Malarvegur liggur frá Dýrafjarðarbrúnni og inn í botn, bæði að norðan og sunnan.

Í Dýrafirði var þéttleiki mófugla 49 pör á km² en til samanburðar voru 66,9 á km² í Héðinsfirði og 27,5 á km² í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði. Þúfutittlingar voru algengastir.

Í Borgarfirði var þéttleiki mófugla við Rauðsstaði um 102 á km². Hugsanlega gæti verið eitthvað ofmat á þéttleikanum þar sem hugsanlegt er að ungar hafi slæðst inn í matið. Þúfutittlingur og hrossagaukur voru algengastir.

Straumönd sást í Dýrafirði og Borgarfirði en hún er á valista. Búsvæðið benti til þess að engin mikilvæg varpsvæði væri innan framkvæmdasvæðisins.

Vegagerð í fjörðunum mun ekki hafa áhrif á rauðbrystinga þar sem hvorki er um að ræða vegagerð í fjörum né nálægt mikilvægum fæðusvæðum.

Engin mikilvæg búsvæði munu raskast en þó mun lítil tjörn í Borgarfirði líklega skerðast eitthvað þar sem hún er alveg upp við núverandi veg. Tilveran hennar er þó líklega að einhverju leyti fyrir tilstuðlan núverandi vegar og ekki mikilvæg fyrir svæðið í heild.

Áhrif vegagerðar á fuglalíf í Dýrafirði og Borgarfirði í Arnarfirði ættu að verða lítil og engin mikilvæg búsvæði fyrir fugla raskast.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
Rannsóknarsvæði	4
AÐFERÐIR	5
NIÐURSTÖÐUR	6
VERNDARÁKVÆÐI	14
UMRÆÐUR	14
Vegagerð	15

INNGANGUR

Fyrirhugað er jarðgangagerð á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar í V-Ísafjarðarsýslu. Gangamunnar verða við Rauðsstaði í Borgarfirði í Arnarfirði og rétt utan við Bæjará innanlega í Dýrafirði. Núverandi vegir verða uppbyggðir en einnig er um nýlögn að ræða á köflum. Náttúrustofu Vestfjarða athugaði fuglalíf við fyrirhugaða gangamunna og vegstæði.

Rannsóknarsvæði

Dýrafjörður

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði í Dýrafirði er frá Dýrafjarðarbrú og að Bæjará rétt fyrir utan Dranga (mynd 1).



Mynd 1. Dýrafjörður.

Frá brúnni að Kjaransstöðum eru tún, melar og mólendi. Búin hefur verið til tjörn við bæinn og sjávarlón á Kjaransstaðareyri.

Frá eyrinni að Bæjará eru lyngmóar og melagróður. Malarvegur liggur frá Dýrafjarðarbrúnni og inn í botn, bæði að norðan og sunnan.

Fjaran er hnullungafjara með leiru-, sand- og malarblettum.

Borgarfjörður í Arnarfirði

Athuganir voru gerðar frá Grjóteyri að Mjólkárhlíð í Borgarfirði. Tvær ár renna til sjávar á athugunarsvæðinu, Hófsá og Mjólká (mynd 2). Báðar árnar eru undir áhrifum frá Mjólkárvirgjun.

Norðan við Hófsá sjást rústir af býlinu Rauðsstöðum og inn af býlinu nefnist dalurinn Fjörður. Um hann rennur Hófsá.

Frá Grjótá að Rauðsstöðum er gisið og lágvaxið birkikjarr. Við Rauðsstaði eru tún með hávöxnu grasi og störum. Skurðir eru vel grónir. Innan við túnin tekur við fjalldrapi, víðir, starir, horblaðka og er svæðið misblautt. Líklega þornar svæðið að mestu upp síðsumars. Við ána eru bakkar misgrónir en einhver efnistaka hefur farið þar fram. Við Hófsárós er gróf leira eða sandfjara.

Rétt vestan við Hófsá er lítil tjörn ofan vegar og er hún vel vaxin gróðri bæði innan og utan hennar. Frá tjörninni taka við hálfgróin svæði og tún.

Vestan við Mjólka verður hlíðin brattari og gróðurþekja minnkar eftir sem utar dregur.



Mynd 2. Borgarfjörður í Arnarfirði.

AÐFERÐIR

Athuganir voru gerðar á varpfuglum 1. júní 2007 í Dýrafirði og 30. júní 2007 í Borgarfirði.

Notaðir voru sjónaukar (Pentax 8*42, leica 8*32) og GPS staðsetningartæki.

Gengið var frá Dýrafjarðarbrú að Bæjará og haldið sömu leið til baka með um 50-100 m hlíðrun. Svæðið sem var kannað var um 1 km² að stærð. Í Borgarfirði var svæði í kringum eyðibýlið Rauðsstaði skoðað sérstaklega en síðan var fuglalífið athugað báðum megin við núverandi vegstæði frá Hófsá að Mjólkárhlíð. Svæðið sem var kannað við

Rauðsstaði er um 0,6 km² að stærð. Fuglalífið í fjörunni og á sjónum frá Grjóteyri að Hófsá í Borgarfirði var einnig athugað.

Fuglar sem sáust og/eða heyrðust voru skráðir. Atferli þeirra var skráð þ.e. óðals- og varpatferli, fæðuleit eða áttu leið um. Hver fugl eða par með óðals- eða varpatferli taldist standa fyrir eitt óðal (eitt varppar).

Varpstig fugla var skráð: **1** = staðfest varp, samanber hreiður með eggjum, ungar eða fuglarnir sýni atferli sem gefur til kynna um varp sé að ræða, **2** = Líklegt varp á svæðinu, **3** = hugsanlegt varp eða er varpfugl í grennd við svæðið, **4** = ekki varpfugl, á leið um svæðið eða er geldfugl. Varpstig hvorrar tegundar ásamt latínu nafni hennar var skráð samkvæmt 10*10 km reitum Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá töflu 1).

Reiknaður var út þéttleiki varpfugla í Dýrafirði og við Rauðsstaði í Borgarfirði.

Athuganir á rauðbrystingum að vorlagi í þessum fjörðum hafa verið gerðar allt frá 1979 (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980, Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1986) og fram til 2007 með nokkrum hléum. Komin er út skýrsla með helstu niðurstöðum úr þessum talningum (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2008).

NIÐURSTÖÐUR

Framkvæmdasvæðið er í tveimur reitum (nr. 3039 og 3040) samkvæmt reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Reitur 3039 var athugaður frá Dýrafjarðarbrú að Haugsnesi sem er rétt utan við Bæjará í sunnan verðum Dýrafirði. Reitur 3040 var athugaður frá Haugsnesi að Bæjará í Dýrafirði og frá Rauðsstöðum að Mjólkárhlíð í Arnarfirði. Athuganir fóru fram um vorið og sumarið 2007.

Samtals sáust 33 tegundir á framkvæmdarsvæðinu á árinu 2007. Í Dýrafirði reit 3039 sáust 14 tegundir sem voru líklegir varpfuglar og 8 tegundir í reit 3040 Dýrafjarðarmegin. Í Arnarfirði, reit 3040 sáust 16 tegundir sem voru líklegir varpfuglar.

Í töflu 1 má sjá varpstig þeirra fugla sem sáust 2007 á framkvæmdasvæðinu og hvar þeir voru samkvæmt reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tafla 1. Varpstig fugla í reitum 3039 og 3040 í V-Ísafjarðarsýslu.

Varpstig **1** = staðfest varp, samanber hreiður með eggjum, ungar eða fuglarnir sýni atferli sem gefur til kynna um varp sé að ræða, **2** = Líklegt varp á svæðinu, **3** = hugsanlegt varp eða er varpfugl í grennd við svæðið, **4** = ekki varpfugl, á leið um svæðið eða er geldfugl.

Tegund	latneskt heiti	Dýrafjörður		Arnarfjörður
		3039	3040	3040
Lómur	<i>Gavia stellata</i>		4	
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>			3
Grágæs	<i>Anser anser</i>	4	4	4
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	3	3	3
Urtönd	<i>Anas crecca</i>			3
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	3	3	2
Straumönd	<i>Histrionicus Histrionicus</i>	4		3
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	4		
Örn	<i>Haliaeetus albicilla</i>			4
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	2	3	2
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	2		2
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	2	2	2
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>	2		2
Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>		4	4
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>			4
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	1	2	2
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>			4
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	2		4
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	3	3	2
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>		4	4
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	3		2
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>			4
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	4	4	4
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	4	4	4
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	4	4	4
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	3	4	3
Álka	<i>Alca torda</i>	4		
Langvía	<i>Uria aalge</i>	4		
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	1	1	1
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	2		
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>		2	2
Skógaþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	2		2
Hrafn	<i>Corvus corax</i>		4	
Samtals		22	17	27
Samtals varptegundir (stig 1, 2 og 3)		14	8	16

Dýrafjörður

Athugun á varpfuglum í Dýrafirði fór fram 1. júní 2007. Svæðið afmarkast af Dýrafjarðarbrú að Bæjará og veginum sem liggur inn fjörðinn og fjörunni að neðan. Skráðir voru einnig fuglar á sjó sem voru nálægt ströndinni. Athugunarsvæðið er um 1 km² að stærð.

Gengið var út fjörðinn, frá Kjaransstaðaá að Vestfjarðavegi (Dýrafjarðarbrú) og snúið þar við (snið 1a, tafla 2). Á leiðinni út fjörðinn var gengið u.þ.b. 50 m fyrir ofan fjöruna og hlíðrað u.þ.b. 50-100 m ofar þegar gengið var til baka (snið 1b, tafla 2).

Tafla 2. Fuglar í Dýrafirði: Dýrafjarðarbrú-Kjaransstaðeyri.

Tegund	Snið		Lýsing
	1a	1b	
Grágæs	18		16 á eyrinni og 2 á túnum.
Æður	28		23 kk og 5 kvk í fjörunni við eyrina.
Stökkönd	2	2	4 steggir, tveir á sjó og tveir á tjörn niður við sjó.
Straumönd		1	Við ós Kjaransstaðaár – flaug út á sjó.
Toppönd	1		Einn steggur á sjónum.
Tjaldur	8	1	3 pör á eyrinni, 1 varplegur við bæinn, 2 í fjöru.
Sandlóa	4	11	Líklega 3 varppör á eyrinni
Heiðlóa	4	3	Ein í fjöru en hinar í túnum og mólendi.
Rauðbrystingur		5	Í fjöru
Lóupræll	3	2	Einn syngur – tveir á flugi (1a), 2 í mólendi (1b)
Hrossagaukur	3	2	Mólendi og tún.
Spói		1	Á eyrinni, vellur.
Stelkur	7	2	4 í fjörunni og 3 í mólendi. Tveir við bæinn.
Tildra	1		Ein í fjörunni.
Óðinshani		2	Par á tjörn við bæinn.
Hvítmáfur		1	Á flugi
Kría	14	50	11 sitja á eyrinni (1a) en síðan 50 (1b).
Ógr. svartfugl	5		Á sjónum. Líklega álka.
Þúfutittlingur	9	8	6 sungu (1a) og 8 sungu (1b).
Maríuerla		1	Við bæinn
Skógarþröstur	2	1	Einn syngur við bæinn (1a og b).
Samtals	109	93	
Fjöldi tegunda	15	16	Samtals sást 21 tegund

Maríuerla, skógarþröstur og óðinshani sást/heyrðust í grennd við íbúðarhúsið á Kjaransstöðum. Aðrir fuglar voru aðallega í mólendi, mel og fjöru. Lítið var af fugli á túnum við bæinn. Fimm ógreindir svartfuglar sást og líklega voru þetta álkur. Síðastliðin ár hafa sést á sumrin, hópur af álkum rétt fyrir innan Dýrafjarðarbrú, oftast um 15 fuglar og mest 50. Innan um álkuhópsins hafa verið ein og ein langvía.

Genginn var vegkaflinn frá Kjaransstaðaá að stað undan Kjaransstaðahorni og einkennist svæðið af melum og múum með krækilyngi. Skráðir voru fuglar og lagt mat á hvort þeir væru varpfuglar (tafla 3).

Tafla 3. Fuglar í Dýrafirði: Kjaransstaðaá-Kjaransstaðahorn.

Tegund	Snið 2	Lýsing
Grágæs	1	Ein í fjörunni.
Stökkönd	2	Par á sjónum
Straumönd	2	Par á sjónum
Tjaldur	2	Par, varpleg
Sandlóa	5	Þrjár á söngflugi og eitt par
Heiðlóa	1	Syngur, mjög varpleg
Hrossagaukur	1	Á flugi
Stelkur	1	Í fjöru
Þúfutittlingur	3	Syngja
Samtals	18	
Fjöldi tegunda	9	

Frá Kjaransstaðahorni að Bæjará var gengið fram og til baka með 50-100 m millibili (tafla 4). Næst Bæjaránni fyrir neðan veg er mólendi með þéttu krækilyngi en verður visnara eftir því sem utar dregur. Um miðja vegu er malarhóll, lítt gróinn og utan við hann taka við lyngmóar með malarblettum og stöku grjóti.

Tafla 4. Fuglar í Dýrafirði: Kjaransstaðahorn-Bæjará.

Tegund	Snið		Lýsing
	3a	3b	
Lómur	2	1	Líklega par og annar fuglinn sást aftur.
Grágæs	3		Á flugi upp í klettum
Æður		8	Eitt par, annað karlfuglar, á sjónum við ströndina
Stökkönd	1	2	Kvenfugl, flaug upp (3a). Par á flugi (3b)
Straumönd		7	5 kk og 2 kvk á sjónum við Hauganes.
Tjaldur	1	5	Allir fuglar í fjörunni – líklega tvö pör.
Heiðlóa	2	2	Stakir fuglar syngja, (2 óðul)
Rauðbrystingur		5	Í fjörunni
Hrossagaukur	1	1	
Spói	3	2	Par hrakti burt hrafn.
Stelkur		2	Í fjörunni
Tildra		1	Í fjörunni
Hettumáfur	5		Á flugi inn fjörðinn
Svartbakur	2		Á flugi
Hvítmáfur		1	Fullorðinn, á flugi.
Kría		1	Á flugi

Þúfutittlingur	13	9	2 hreiður með 5 eggjum (3a og b).
Steindepill	3		Eitt par og einn syngjandi karl
Hrafn	1	1	Einn fugl við Bæjará ofan vegar og einn utarlega
Samtals	37	47	
Fjöldi tegunda	12	14	Samtals sáust 19 tegundir

Þúfutittlingur var algengasti varpfuglinn og lítið var af öðru (tafla 4).

Fjöldi óðala voru 50 á km² og þar af var aðeins eitt ódal hjá stökkönd en hitt voru óðul hjá mófuglum. Þúfutittlingur var algengasti varpfuglinn (tafla 5) en mun minna af öðrum tegundum.

Tafla 5. Fjöldi varppara á einum ferkílómeter innanlega í Dýrafirði.

Tegund	Pör	Lýsing
Lómur	0	Par á sjónum, verpir í Lambadal
Grágæs	0	Engin varpleg á svæðinu en er varpfugl í Dýrafirði
Æður	> 1	Líklegt að einhverjar verpi með ströndinni
Stökkönd	1	Ein varpleg kolla en fannst ekki hreiður
Straumönd	?	Fuglar á svæðinu en sást ekki neinn líklegur staður
Toppönd	?	Einn steggur, varpfugl í Dýrafirði
Tjaldur	5	5 pör, hugsanlega 2 til viðbótar
Sandlóa	4	4 varppör. Ummerki sáust eftir hreiðurgerð
Heiðlóa	5	4-5 óðul
Lóupræll	2	1-2 pör
Hrossagaukur	4	3-4 óðul
Spói	2	Tvö pör með ódal, hugsanlega eitt par til viðbótar
Stelkur	2	Tvö pör
Óðinshani	1	Eitt par á tjörn við Kjaranstaði
Hettumáfur	0	Fuglar í fæðuleit, varpfugl í Haukadal
Svarbakur	0	Í fæðuleit, varpfugl í Dýrafirði
Hvítmáfur	0	Í fæðuleit, varpfugl í Dýrafirði
Kría	?	Hugsanlega varpstaður á eyrinni og þá < 10 pör
Þúfutittlingur	20	Tvö hreiður + 18 óðul
Maríuerla	1	Einn fugl við Kjaranstaði, líklega varpfugl
Steindepill	2	Par og syngjandi karlfugl
Skógarþröstur	1	Tveir fuglar, annar syngjandi við Kjaranstaði
Hrafn	?	Vitað er um gamalt ódal við Hvallátradalsá
Samtals (km ²)	50	(Mófuglar = 49 varpóðul km ²)
Fjöldi varp teg.	14	

Staðfest eða líklegt varp var hjá 14 tegundum. Einnig má reikna með að grágæs og kría verpi annað hvort innan svæðisins eða í grennd við það en búsvæði og fjöldi fugla bendir

til þess. Í heild sáust 27 tegundir innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis og eru 23 þeirra varpfuglar í Dýrafirði.

Hugsanlega verpir kría niður við ós Kjaransstaðaárinnar en ekki fundust hreiður. Kríuvarp er á Grænanesi sem er rétt utan við Dýrafjarðarbrúna að norðan.

Æðarvörp í Dýrafirði eru við: Alviðru, Læk, Mýrar, Höfða og Hóla. Eitthvað varp er við Núp og Ketilseyri. Fyrir innan Dýrafjarðarbrú er ekkert varp sem er nytjað en líklega verpir æðarfugl þar dreift. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði fannst ekkert varp en líklega verpa fáein pör með ströndinni.

Einn straumandarkarl sást á Kjaransstaðránni og sjö fuglar við Hauganes rétt utan við Bæjará. Straumönd gæti orpið hvar sem er í firðinum og eru líklegustu staðirnir næst framkvæmdasvæðinu í Lambadal og við Botnsá.

Fyrir innan Dranga sást álft á hreiðri en staðsetningin er fyrir innan hugsanlegt framkvæmdarsvæði.

Borgarfjörður í Arnarfirði

Athuganir á varpfuglum voru gerðar frá Rauðsstöðum að Mjólkárhlíð 30. júní 2007 og sést svæðið á loftmynd (mynd 2). Fuglar að vori og þá aðallega rauðbrystingar, voru taldir í maí 2006 og 2007 (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2008).

Í maí 2007 voru 188 rauðbrystingar í botni Borgarfjarðar (tafla 6) en voru 870 þann 15. maí 2006 (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2008).

Tafla 6. Fjöldi fugla frá Grjótá að Hófsá í fjöru og/eða á sjó í maí 2007.

Tegund	2007		
	Fj.	kk	kvk
Álft			
Grágæs	19		
Stökkönd	12	9	3
Æður	95	54	41
Örn	1		
Tjaldur	18		
Heiðlóa	6		
Sendlingur	5		
Rauðbrystingur	188		
Hrossagaukur	1		
Stelkur	13		
Tildra	65		
Hettumáfur	2		
Svartbakur	6		
Hvítumáfur	18		
Kría	32		
Þúfutittlingur	3		
Samtals	487		

Fjöldi tegunda	16		
-----------------------	-----------	--	--

Þann 30. júní 2007 var gerð athugun á varpfuglum frá Grjótá að Mjólkárhlíð í Borgarfirði í Arnarfirði og var lagt mat á hvort þeir voru í varpi út frá atferli. Kannað var um 0,6 km² svæði við Rauðsstaði (tafla 7). Gróðurinn einkennist af gisnu og lágvöxnu birkikjarri, fjalldrapa, víði, störum, horblöðku og hávöxnu grasi á túnnum og vel grónum skurðum. Svæðið var misblautt og líklega þornar það upp síðsumars á þurru sumri.

Tafla 7. Fuglar frá Grjótá að Hófsá þann 30. júní 2007.

Tegund	Fj.	Óðul	Lýsing
Æður	56	?	Einn karlfugl, 11 kvenfuglar og 44 ungar á sjónum.
Straumönd	1	?	Karlfugl á flugi upp Hófsá
Tjaldur	2	(1)	Niður í fjöru, líklega með óðal
Sandlóa	8	1	Voru að éta niður í fjöru en ein var varpleg
Heiðlóa	6	2	Tvær á flugi inn dalinn en hinar syngja
Lóupræll	6	3	Þrjú fuglar með óðal á svæðinu og þrjú í fjörunni
Hrossagaukur	30	15	9 flugu upp, 10 á flugi hneggjandi, 5 upp á staur.
Stelkur	18	9	7 upp á staur – allir með óðalshegðun
Óðinshani	1	1	Á flugi, með óðal á svæðinu
Hettumáfur	10		Sitja á sjónum
Hvítmáfur	70		Við Hófsárós
Skógarpröstur	14	6	Fugl með æti og 5 syngjandi fuglar
Þúfutittlingur	33	23	23 syngjandi
Samtals	255	61	61 óðal eða um 102 óðul á km ²
Fjöldi tegunda	13	9	

Þúfutittlingur og hrossagaukur voru algengustu varpfuglarnir á svæðinu. Það sáust a.m.k. tveir fleygir þúfutittlingsungar og líklega hafa þeir verið fleiri. Nokkrir hrossagaukar flugu upp fyrir framan athugendur en engin hreiður fundust. Líklega hafa flestir verið í æti.

Frá Hófsá að Mjólká einkennist búsvæðið af mólendi og túnnum fyrir utan eina litla velgróna tjörn. Stelkur var algengasti varpfuglinn á þessum kafla en hann var aðallega á svæði við Hófsána (tafla 8).

Tafla 8. Fuglar frá Hófsá að Mjólká

Tegund	Fj.	Lýsing
Álft	6	Par með fjóra unga
Stökkönd	1	Einn karlfugl á flugi inn dalinn.
Urtönd	1	Líklega varpfugl ofan við litla tjörn ofan vegar.
Æður	300	Fuglahópur á sjónum, mest blikar
Tjaldur	2	Niður í fjöru.
Sandlóa	6	Ein mjög varpleg við veginn

Heiðlóa	2	Önnur syngur – 150 m á milli þeirra.
Lóupræll	4	Einn syngjandi, einn við tjörn ofan vegar
Hrossagaukur	3	Einn flaug upp, einn upp á staur og einn á flugi
Spói	1	Einn fugl niður undir fjöru.
Stelkur	19	Allir syngjandi - varplegir
Óðinshani	4	Tvö pör á tjörn ofan vegar
Kría	9	Á flugi
Skógarpröstur	2	Syngjandi við íbúðarhús.
Þúfutittlingur	4	Eitt hreiður (6 egg), einn syngjandi við íbúðarhúsin
Samtals	360	
Fjöldi tegunda	15	

Þúfutittlingur var algengasti varpfuglinn á kaflanum Mjólká að Mjólkárhlíð (tafla 9).

Tafla 9. Fuglar við Mjólká og á Mjólkárhlíð.

Tegund	Fj	Óðul	Lýsing
Æður	30		
Straumönd	6		4 karlfuglar, einn kvenfugl og ein ókyngreind á ánni.
Tjaldur	4		Í fjörunni
Sandlóa	1		Niður við ós.
Heiðlóa	1		
Hrossagaukur	4	2	2 flugu upp og tveir á flugi hneggjandi
Stelkur	5		Tveir við ósinn og þrír út með hlíðinni
Óðinshani	4		Við poll nálægt ánni, líklega í æti.
Kjói	1		Reyna að ræna kríu
Hvítmáfur	1		Á flugi
Kría	13		Á flugi og sumar sitja við ósinn.
Steindepill	3	2	Sýndu óðalshegðun á Mjólkárhlíð
Þúfutittlingur	10	5	A.m.k. tveir syngjandi
Samtals	82		
Fjöldi tegunda	13		

Þúfutittlingur, hrossagaukur og steindepill voru innan 50 m frá núverandi vegi og voru með varpóðul (tafla 9). Aðrir voru í æti niður í fjöru en hugsanlega í varpi þar eins og t.d. tjaldur, sandlóa og kría.

Aðrar tegundir á öðrum tíma

Ernir sjást oft í Dýrafirði en þó aðallega um vetratímamann.

Getið er um jaðrakanar hafi sést fyrir 1980 við Rauðsstaði (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980) en þá eru þeir mjög sjaldgæfir í V-Barðastrandarsýslu, N- og S-Ísafjarðarsýslu. Í Borgarfirði sást jaðrakan þar við Rauðsstaði í júní 2007 en þeir voru ekki varplegir að sjá. Engir fuglar sáuust 30. júní 2007 og því afar ólíklegt að þeir hafi orpið þarna þetta

sumarið. Búsvæðið þarna hentar þó vel fyrir þá og gæti verið þarna um stopult varp að ræða.

VERNDARÁKVÆÐI

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á náttúruminjaskrá 1996 (Náttúruverndarráð): *Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hófsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskoru fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminjum.*

Á valista um fugla sem Náttúrufræðistofnun Íslands (2000) gefur út sáust eftirtaldar tegundir á framkvæmdarsvæðinu:

Tegundir í hættu:

Örn, stofnstærð minna en 250 fuglar.

Ernir sjást oft á svæðinu en aðallega yfir vetrartímann.

Tegundir í yfirvofandi hættu:

Grágæs, hefur fækkað meira en 20% á 10 árum.

Það sáust ekki varplegir fuglar en þær gætu orpið á svæðinu.

Hrafn, hefur fækkað meira en 20% á 10 árum.

Hrafn sást innarlega í Dýrafirði en ekki er vitað um varpstað á framkvæmdarsvæðinu.

Svartbakur, hefur fækkað.

Svartbakarnir sem sáust áttu leið um svæðið, líklega í fæðuleit.

Tegundir í nokkurri hættu:

Straumönd. Háð vernd, Ísland eina varpland straumandar í Evrópu.

Straumendur sáust bæði í Dýrafirði og í Arnarfirði innan framkvæmdarsvæðisins. Svæðið í Dýrafirði er ólíklegt sem varpsvæði en hún gæti orpið upp með Hófsá og Mjólká í Arnarfirði.

UMRÆÐUR

Á milli 2-3000 rauðbrystingar eru í Dýrafirði og um 900 í Borgarfirði í Arnarfirði á vorin (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005 og 2008). Lítið er um rauðbrystinga í fjörum að sunnanverðu fyrir innan Dýrafjarðarbrú.

Í Dýrafirði var þéttleiki mófugla 49 pör á km² (tafla 5) en til samanburðar voru 66,9 á km² í Héðinsfirði og 27,5 á km² í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði. Þúfutittlingar voru algengastir í Héðins- og Ólafsfirði (Ólafur Karl Nielsen 2000) eins og í Dýrafirði.

Samtals var staðfest eða líklegt varp hjá 14 tegundum og hugsanlega urpu þrjár tegundir til viðbótar á svæðinu. Allar eru þær algengar á Vestfjörðum og á Íslandi.

Í Borgarfirði var þéttleiki mófugla við Rauðsstaði um 102 á km². Hugsanlega gæti verið um ofmat á þéttleikanum þar sem hugsanlegt er að ungar hafi slæðst inn í matið. Þúfutittlingur og hrossagaukur voru algengastir.

Straumönd sást á Hófsánni og við árósa Mjólkár. Engir líklegir varpstaðir sáust á áhrifasvæði framkvæmdar en hún gæti orpið upp með Hófsá og Mjólká.

Frá Hófsá að Mjólkárhlíð var ekki mikið af fugli upp við veginn og voru flestir fuglar niður í fjöru eða úti á sjó. Ein lítil tjörn er upp við núverandi veg í Borgarfirði (sjá mynd 2) og verpur þar líklega óðinshani og hugsanlega einhverjar endur t.d. urtönd. Tjörnin, þó lítil sé, gerir fuglalífið fjölbreyttara á athugunarsvæðinu en er í sjálfu sér ekki mikilvæg fyrir svæðið í heild.

Vegagerð

Vegagerð í fjörðunum mun ekki hafa áhrif á rauðbrystinga þar sem hvorki er um að ræða vegagerð í fjörum né nálægt mikilvægum fæðusvæðum.

Straumönd, grágæs og örn eru á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) og sást straumönd og grágæs á eða við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Svæðið er ekki líklegt eða mikilvægt sem varpsvæði straumandar þar sem búsvæðin bentu ekki til þess. Líklegri staðir eru t.d. í Lambadal og við Botnsá. Grágæs sást upp í klettum og á túnnum en engar í varpi á framkvæmdasvæðinu. Grágæsir sjást oft með stálpaða unga á Kjaransstaðreyri og nágrenni seinni parts sumars en þær geta alveg eins hafa orpið hinum megin í firðinum. Ernir sjást oft í fjörðunum og þá aðallega yfir vetrartímann en það verður teljast afar ólíklegt að framkvæmdir munu hafa áhrif á búsvæði þeirra.

Engin mikilvæg búsvæði munu raskast en þó mun lítil tjörn í Borgarfirði líklega skerðast eitthvað þar sem hún er alveg upp við núverandi veg. Tilveran hennar er þó líklega að einhverju leyti fyrir tilstuðlan núverandi vegar og ekki mikilvæg fyrir svæðið í heild.

Áhrif vegagerðar á fuglalíf í Dýrafirði og Borgarfirði í Arnarfirði ættu að verða lítil og engin mikilvæg búsvæði fyrir fugla raskast.

HEIMILDASKRÁ

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir á fjörum í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrit nr 12, Líffræðistofnun Háskólans.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2005. Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni. Unnið fyrir Vegagerðina vegna mats á umhverfisáhrifum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 06-05.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2008. Rauðbrystingur í Barðastrandarsýslum 2006-2007. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1-08.

Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson. 1986. Fuglaathuganir í Dýrafirði og Önundarfirði 1985. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 23.

Náttúrufræðistofnun. 2000. Válisti 2 – Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúruverndarráð. 1996. Náttúruminjaskrá: skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa. Náttúruverndarráð.

Ólafur Karl Nielsen. 2000. Fuglalíf við vegstæði í Héðinsfirði og Ólafsfirði. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00021.